

Verk á sýningunni Veg(g)ir í miðrými Kjarvalsstaða.

Veg(g)ir

Fyrir viku var opnað á Kjarvalsstöðum sýningarverkefnið Veg(g)ir. Verkefnið byggist á tveimur meginþáttum; annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum á eða út frá stórum fleti og hins vegar að leyfa almennum gestum safnsins að fylgjast með þróun hvers listaverks allt frá upphafi til enda.

Þátttakendur í verkefninu eru listafólk af ólíkum kynslóðum sem hefur starfað í ólíkum miðlum og endurspeglar það þannig að nokkru fjölbreytnina í stöðu íslenskrar myndlistar í dag. Listamennirnir eru Daði Guðbjörnsson, Gunnar Örn, Hlynur Hallsson, Katrín Sigurðardóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Ráðhildur Ingadóttir.

Sýningar

Í vestursal Kjarvalsstaða stendur yfir samsýning á verkum eftir Claus Egemose frá Danmörku, Johan van Oord frá Hollandi, Tuma Magnússonar frá Íslandi og Ninu Roos frá Finnlandi. Þau eru öll þekkt sem listmálarar sem hafa í verkum sínum verið að takast á við hið óhlutbundna málverk, hvert með sínum hætti.

Fornar verstöðvar á Vestfjörðum

Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur heldur fyrirlestur um fornar verstöðvar á Vestfjörðum í Sjóminjasafni Íslands, Vesturgötu 8, Hafnarfirði kl. 20.30 í kvöld. Ragnar lauk MA-prófi í fornleifafræði í London og leggur nú stund á doktorsnám í fræðigrein sinni í New York. Hann hefur starfað á vegum Árbæjarsafns.

Magakrabbamein

Í dag kl. 16.15 flytur Jónas Magnússon, prófessor í skurðlækningum, fyrirlestur um magakrabbamein í málstofu læknadeildar. Málstofan fer fram í sal Krabbameinsfélags Íslands, efstu hæð. Kaffiveitingar verða frá kl. 16.

Endurhæfing hjartasjúklinga

Í dag kl. 16 mun Ólöf R. Ámundadóttir gangast undir meistarapróf við læknadeild Háskóla Íslands í

Samkomur

kennslustofu á 3. hæð í Læknagarði og halda fyrirlestur um verkefni sitt sem nefnist Samanburður á tveimur aðferðum við endurhæfingu á hjartasjúklingum.

Húnvetningafélagið

„Félagsvist verður spiluð í Húnabúð, Skeifunni 11, í kvöld kl. 20. Kaffiveitingar.

Barn dagsins

Í dálkinum Barn dagsins eru birtar myndir af ungbörnum. Þeim sem hafa hug á að fá birta mynd er bent á að senda hana í pósti eða koma með myndina, ásamt upplýsingum, á ritstjórn DV, Þverholti 11, merkta Barn dagsins. Ekki er síðra ef barnið á myndinni er í fangi systur, bróður eða foreldra. Myndir eru endursendar ef óskað er.

Borgarleikhúsið:

Djöflarnir

Annað kvöld verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á vegum Leikfélags Reykjavíkur Djöflarnir eftir stórskáldið Fjodor Dostojevskí. Um er að ræða leikgerð í tveimur þáttum eftir Alexei Borodín sem jafnframt er leikstjóri. Þýðinguna gerði Ingibjörg Haraldsdóttir. Leikmynd og búninga gerði Stanislav Benediktov.

Leikhús


Djöflarnir eru annað verkefni rússnesku leikhúsmannanna Alexeis Borodíns og Stanislavs Benediktovs á Íslandi. Í janúar 1998 frumsýndi Leikfélag Reykjavíkur Feður og syni eftir Ívan Túrgenjev. Rússneska akademíska æskulýðsleikhúsið í Moskvu bauð L.R. að koma með sýninguna til Rússlands og var sýnt tvisvar í Moskvu fyrir fullu húsi við mikla hrifningu áhorfenda haustið 1998. Sýningin vakti líka mikla athygli hér heima og var tilnefnd til menningarverðlauna DV.

Í helstu hlutverkum eru Baldur Trausti Hreinsson, Friðrik Friðriksson, Ellert A. Ingimundarson, Halldóra Geirharðsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir. Aðrir leikarar eru meðal annars Pétur Einarsson, Árni Pétur Guðjónsson, Þórhallur Gunnarsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Marta Nordal og Eggert Þorleifsson.

Fjodor Dostojevskí fæddist í Moskvu árið 1821 og lést í Sankti Pétursborg árið 1881. Fáir höfundar hafa kafað eins djúpt í mannssálina og Dostojevskí eða verið óvægari í greiningu sinni á henni og verk þessa mikla höfundar hafa haft gífurleg áhrif á skáldsagnaritun 20. aldarinnar.



Málin rædd yfir vínglasi í Djöflunum.



Þokubakkar og súld

Viðvörun: Búist er við stormi eða meira en 20 m/s á Ströndum og Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra. SV 5-8 m/s, þokubakkar og súld á stöku stað vestantil, V 8-13 m/s og sumsstaðar súld allra nyrst en annars fremur hæg vestlæg átt og víða léttskýjað í dag. SV 10-15 og rigning vestantil í kvöld. Í nótt verður SV átt, 18-23 m/s allra nyrst en heldur hægari þegar sunnar dregur og rigning víða um land. Hiti 1 til 7 stig.

Veðrið í dag

Sólarlag í Reykjavík: 16.31
Sólarupprás á morgun:10.44
Síðdegisflóð í Reykjavík:17.07
Árdegisflóð á morgun:5.33


Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri skýjað	*8*
Bergsstaðir skýjað	*5*
Bolungarvík skýjað	*6*
Egilsstaðir	*4*
Kirkjubæjarkl. léttskýjað	*2*
Keflavíkurflv. súld á síð. kls.	*4*
Raufarhöfn alskýjað	*5*
Reykjavík þoka	*3*
Stórhöfði súld	*4*
Bergen skýjað	*6*
Helsinki skýjað	*-9*
Kaupmhöfn skýjað	*2*
Ósló léttskýjað	*-1*
Þórshöfn skúr á síð. kls.	*5*
Þrándheimur snjóél	*2*
Algarve heiðskírt	*8*
Amsterdam skýjað	*5*
Barcelona hálfskýjað	*4*
Berlín snjók. á síð. kls.	*1*
Chicago snjókoma	*–7*
Dublin súld	*2*
Halifax léttskýjað	*-12*
Frankfurt skýjað	*1*
Hamborg alskýjað	*5*
Jan Mayen snjóél	*-8*
London þoka í grennd	*–1*
Lúxemborg skýjað	*–1*
Mallorca léttskýjað	*8*
Montreal þoka	*-14*
Narssarssuaq skýjað	*4*
New York léttskýjað	*-3*
Orlando skýjað	*17*
París alskýjað	*3*
Róm heiðskírt	*-2*
Vín léttskýjað	*-1*
Washington alskýjað	*1*
Winnipeg heiðskírt	*-29*

Góð færð í nágrenni Reykjavíkur

Góð færð er í nágrenni Reykjavíkur. Hálkublettir eru á Hellisheiði og í Árnessýslu svo og á Holtavörðuheiði. Vegna hlýinda er farið að takmarka öxulþunga á nokkrum vegum, svo sem í Barðastrandarsýslu og á Krýsuvíkurvegi.

Færð á vegum





Aldís Dögg

Þessi myndarlega telpa, sem fengið hefur nafnið Aldís Dögg, fæddist á Herlev Amt sjúkrahúsinu í Kaupmannahöfn 23. október síðastliðinn kl. 7.07. Hún var við fæðingu 3.330 grömm og 50 sentímetrar. Foreldrar hennar eru Halla Björk Garðarsdóttir og Ólafur Jónsson og er þetta fyrsta barn þeirra.

Barn dagsins

dagsönn



Hilmir Snær Guðnason í hlutverki síra Jóns Magnússonar.

Myrkrahöfðinginn


Háskólabíó sýnir, Myrkrahöfðingjann sem Hrafn Gunnlaugsson leikstýrir en hún hefur nú verið valin til sýningar á Kvikmyndahátíðinni í Berlín. Í myndinni er sögð saga Jóns Magnússonar (Hilmir Snær Guðnason). Vegna afburða námsárangurs var síra Jón vígður til prests án þess að þjóna reynslutímann. Hann gekk að eiga ekkju fyrirrennara síns, Þórkötlu (Guðrún Kristín Magnúsdóttir), en sú kvöð fylgdi brauðinu. Ekkjan var þjátíu árum eldri en síra Jón. Að þeirra mati urðu þau fljótlega fyrir árásum galdramanna Satans. En þrátt fyrir galdraárásirnar haggaðist ekki trú hugsjónamannsins á þær kenningar sem hann hafði numið í Prestaskólanum um sigur hins góða og að hægt væri að bjarga sálum galdramanna frá eilífri glötun með því að hreinsa þá í jarðneskum eldi.

Kvikmyndir

Nýjar myndir í kvikmyndahúsum:

Bíóhöllin: End of Days
Saga-bíó: Járnrisinn
Bíóborgin: The World Is not Enough
Háskólabíó: Englar alheimsins
Háskólabíó: Double Jeopardy
Kringlubíó: The 13th Warrior
Laugarásbíó: The Bachelor
Regnboginn: Drive Me Crazy
Stjörnubíó: Jóhanna af Örk

Krossgátan



Lárétt: 1 tröllkonan, 8 aukning, 9 tré, 10 gelti, 11 næði, 13 hljóðfæri, 15 hluta, 16 bleyta, 17 planta, 18 geð, 20 raftur, 21 rykkorn.
Lóðrétt: 1 ans, 2 hrúga, 3 kaffibætir, 4 sporðurinn, 5 nöldur, 6 ónæði, 7 planta, 12 vanþrif, 14 æsa, 15 ágjöf, 16 eðja, 19 lærdómstitill.
Lausn á síðustu krossgát:
Lárétt: 1 varla, 6 vá, 8 elja, 9 mær, 10 glápir, 11 æti, 12 plat, 14 fasi, 16 ást, 18 aflæsi, 20 rjóða, 21 fé.
Lóðrétt: 1 veg, 2 alltaf, 3 rjái, 4 lappi, 5 ami, 6 væra, 7 árátta, 11 æfar, 13 lása, 15 sló, 17 Sif, 19 æð.

Úrval
Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Í ÁSKRIFT Í SÍMA 550 5000